



## **Erindisbréf fyrir Samráðshóp í málefnum fatlaðra á þjónustusvæði Borgarbyggðar.**

### **Umboð**

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks er samráðsvettvangur um þjónustu við fatlað fólk og þróun mála sem varðar fatlað fólk innan þjónustusvæðis Borgarbyggðar. Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks er starfræktur á grundvelli 42. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum. Fatlað fólk á rétt á almennri þjónustu og aðstoð skv. fyrrgreindum lögum. Að öðru leyti fer um málefni þess á grundvelli laga nr. 38/2018 um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir. Starf samráðshópsins byggir einnig á inntaki samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks starfar í samræmi við stefnumörkun og almennar samþykktir Borgarbyggðar.

### **Skipan**

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks er skipaður sex fulltrúum.

- Þrjú fulltrúar og þrjú til vara skulu tilnefndir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum.
- Þrjú fulltrúar og þrjú til vara skulu tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks á þjónustusvæðinu.

Sveitarstjórn skipar formann samráðshópsins en samráðshópurinn kýs varaformann. Óskað skal eftir tilnefningum frá Landssamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands.

Skipunartími samráðshópsins fylgir kjörtímabili sveitarstjórnar. Aðalmenn boða varamenn sína til fundar ef þeir forfallast.

Seta í samráðshópi er ólaunuð.

Starfsmaður fjölskyldusviðs er starfsmaður samstarfshópsins og ritar hann jafnframt fundargerðir þess.

Fulltrúum notenda í samráðshópnum skal tryggður nægjanlegur stuðningur og eftir atvikum þjálfun svo unnt sé að stuðla að virkri þátttöku í samráðinu.



## Hlutverk og markmið

Hlutverk samráðshóps er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við sveitarstjórnir á þjónustusvæðinu um hagsmuni fatlaðs fólks framkvæmd og þróun þjónustunnar. Samráðið stuðlar að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli fatlaðs fólks og stjórnvalda sveitarfélagsins um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða fatlað fólk og er þeim og fastanefndum þeirra til ráðgjafar í þeim efnum.

Markmið og tilgangur með starfi samráðshópsins er að fylgjast með þróun þjónustu í málefnum fatlaðra, gera fötluðu fólki kleift að hafa áhrif á og taka þátt í skipulagi og framkvæmd þjónustu sem það varðar svo og öðrum hagsmunamálum sínum. Markmiðið er einnig að bæta aðgengi fatlaðs fólks í víðum skilningi.

## Verkefni

Hlutverk samstarfshóps er einkum:

1. Að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og hlutaðeigandi stofnanir þjónustusvæðisins um hugmyndafræði og stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks.
2. Að fylgjast með framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á þjónustusvæðinu í samráði við notendur hennar og talsmenn þeirra eða aðstandendur. Í því felst meðal annars að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga, þó ekki þær sem varða málefni einstaklinga.
3. Að koma á framfæri hugmyndum, tillögum og ábendingum um inntak og tilhögun þjónustu við fatlað fólk á þjónustusvæðinu.
4. Veita velferðarráðuneytinu umsögn um þjónustu sem félagasamtök, sjálfeignarstofnanir og aðrir þjónustu- og rekstraraðilar hyggjast veita samkvæmt ákvæðum lagna nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

## Starfshættir

Samráðshópur kemur saman minnst fjórum sinnum á ári.

Formaður samráðshóps boðar til funda og stýrir þeim. Á dagskrá skulu tekin mál sem fulltrúar í hópnum hafa óskað eftir að fjallað verði um, enda séu þau á verksviði hópsins. Jafnframt skulu tekin á dagskrá mál sem fastanefndir sveitarfélaganna óska eftir að hópurinn fjalli um.

Gert er ráð fyrir að Velferðarnefnd Borgarbyggðar eigi fund með ráðinu að minnsta kosti árlega. Þá er þess ennfremur vænst að hópurinn leggi fram skýrslu um og kynni starf sitt.

Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Heimilt er að taka mál til meðferðar í samráðshópnum þótt það sé ekki tilgreint í útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.



Samráðshópur skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til byggðaráðs jafnóðum. Hópurinn gerir tillögur eða sendir erindi til viðkomandi fastanefnda eða beint til byggðaráðs eða sveitarstjórnar um þau málefni sem það telur varða hagsmuni eða aðstæður fatlaðs fólks. Samráðshópurinn getur að sama skapi óskað eftir fundi með nefnd um málefni sem það telur þörf fyrir að kynna henni.

Borgarbyggð lætur samráðshópnum í té aðstöðu til fundarhalda og aðgang að þeim gögnum sem nauðsynleg eru fyrir starfsemi hópsins.

Erindisbréf þetta var samþykkt í velferðarnefnd Borgarbyggðar 8. maí 2020.  
Staðfest á fundi sveitarstjórnar